

Ár 2012, fimmtudaginn 15. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánsyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör skrifstofustjóra Alþingis**

#### **I.**

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007, er verkefni kjararáðs að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, forstöðumanna ríkisstofnana og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögunum segir ekki nánar hverjir hinir síðastnefndu ríkisstarfsmenn eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það, sbr. 5. gr. laga um kjararáð. Í ákvæði til bráðabirgða segir að allir þeir sem áður féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992, skuli áfram hlíta kjaraákvörðunum kjararáðs þangað til ráðið hefur ákveðið til hverra ákvarðanir þess nái.

Kjararáð úrskurðaði hinn 8. nóvember 2012 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör skrifstofustjóra Alþingis.

#### **II.**

Kjararáði barst bréf dagsett 21. desember 2011 frá skrifstofustjóra Alþingis. Í bréfinu kemur fram að álag í starfi Alþingis, á skrifstofu þess og skrifstofustjóra, hafi aukist gífurlega frá efnahagshruni haustið 2008. Um 120 starfsmenn vinni á skrifstofu Alþingis og heyri undir skrifstofustjóra. Með alþingismönnum, aðstoðarmönnum þeirra og fleirum megi segja að um 200 manns séu reglulega að störfum á Alþingi. Til rekstrar Alþingis sé áætlað að verja röskum 2,4 milljörðum króna á árinu 2012, auk nærri 200 milljóna króna til verkefna sem tengjast Alþingi (rannsóknarnefndir, saksóknari o.fl.). Þá kemur fram í bréfinu að þinghaldið hafi lengst yfir árið og vinna tengd því aukist. Þannig hafi eðlileg orlofstaka ekki reynst gerleg. Skrifstofustjórinn óskar eftir að honum verði framvegis skipað í sama launaflokk og ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis og að einingagreiðslur til hans endurspegli að einhverju leyti þau störf sem hann þurfi að sinna.

Með bréfum dagsettum 5. janúar 2012 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og forseta Alþingis kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis skrifstofustjóra Alþingis, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 20. janúar 2012. Í bréfinu segir að ljóst sé að álag á skrifstofu Alþingis hafi aukist á síðustu árum eins og hjá mörgum öðrum innan stjórnsýslunnar svo sem lýst sé í bréfi skrifstofustjórans.

Í bréfi forseta Alþingis dagsettu 29. febrúar 2012 er tekið undir erindi skrifstofustjórans. Þar sé í öllum atriðum rétt farið með efnisatriði. Jafnframt er staðfest að álag í starfi hans sé mikið, bæði á almennum vinnutíma og utan hans, á kvöldin og um helgar. Vinnutími á skrifstofunni sé langur því að þingfundir standi oftast fram að kvöldmat og oft lengur. Jafnframt hafi sumarhlé þingsins styst og sé það staðfest í nýjum þingsköpum. Tekið er undir þá ósk skrifstofustjórans að hann verði í sama launaflokki og ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins þannig að þessir æðstu embættismenn löggjafarvalds og framkvæmdarvalds séu jafnstæðir að þessu leyti. Minnt er á að í nýjum lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 séu ráðuneytin talin skrifstofur ráðherra en þeir starfi í umboði Alþingis.

Með bréfi dagsettu 9. mars 2012 fékk skrifstofustjóri Alþingis send svör fjármálaráðuneytisins og forseta Alþingis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra.

Með bréfi skrifstofustjóra Alþingis dagsettu 20. mars 2012 eru fyrri sjónarmið ítrekuð.

### III.

Fjallað er um starf skrifstofustjóra Alþingis í 11. og 12. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum. Samkvæmt 11. gr. laganna ræður forsætisnefnd skrifstofustjóra til sex ára í senn. Hann stjórnar skrifstofu Alþingis og framkvæmdum á vegum þingsins, hefur umsjón með fjárreiðum þess og eignum í umboði forseta. Skrifstofustjóri situr fundi forsætisnefndar og er forseta og nefndinni til aðstoðar í öllu er varðar stjórn þingsins. Skrifstofustjóri ræður aðra starfsmenn þingsins. Í 12. gr. laganna kemur meðal annars fram að skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi hans, situr þingfundi og er forsetanum til aðstoðar. Þá skal skrifstofustjóri ásamt forseta sjá um að samþykktir þingsins séu skrásettar og rita forsetinn og skrifstofustjórinn undir þær.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun skrifstofustjóra Alþingis. Kjaranefnd ákvað honum laun 21. júní 2005. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs.

Kjararáð tekur undir þau rök sem rakin eru hér að framan um breytt starfsumhverfi á Alþingi í kjölfar lagabreytinga og telur stöðu skrifstofustjóra Alþingis áþekka stöðu ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis og því eðlilegt að laun þeirra séu sambærileg.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun skrifstofustjóra Alþingis skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

### V.

#### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2012 skulu mánaðarlaun skrifstofustjóra Alþingis vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 142, krónur 904.455 frá 1. janúar til 29. febrúar 2012 og krónur 936.111 frá 1. mars 2012.

Að auki skal greiða honum 33 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Eining er 1% af launaflokki 502-132, krónur 6.473 frá 1. janúar til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör skrifstofustjóra Alþingis gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson